

**Ed.**

**1328. Nefndarálit**

[455. mál]

um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Reglan hefur verið, og er sú, í sambandi við fjárhagslega fyrirgreiðslu til atvinnurekstrar og fjárfestingar í honum að sjálfvirkar reglur tryggja lánaufyrirgreiðslu til hefðbundinna greina og gjarnan hefur niðurstaðan orðið sú að mikið fé er veitt til þess sem of mikið er þegar af og má nefna landbúnaðarfjárfestingu, verslunarhúsnæði og skipastól sem dæmi um þetta. Á hinn bóginn eiga nýjungar í atvinnurekstri hvergi heima samkvæmt þessu skipulagi.

Í annan stað eru lán nánast eingöngu veitt gegn fasteignaveðum. Þannig er lánað út á steinsteypuna en menn með skynsamlegar hugmyndir eða nýsköpun fá enga fjárhagslega fyrirgreiðslu nema þeir geti lagt með sér steinsteypuveð.

Þetta kerfi er staðnað, stuðlar að stöðnun og hindrar framþróun og nýjungar. Vaxtarbroddar atvinnulífs fá ekki að dafna og njóta sín. Úr þessu hefur þurft og þarf að bæta.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gerð tilraun til þess að mæta þessari þörf. Takist vel til getur þróunarfélag af því tagi, sem fyrirliggjandi frv. gerir ráð fyrir, orðið til þess að örva nýsköpun í atvinnulífi enda verður að ætla að hugmyndin sé að félagið beiti sér fyrir nýstárlegum verkefnum sem styðjast við hugvit og frumkvæði íslenskra aðila.

Á hinn bóginn eru engin rök til þess að auka enn á erlendar lántökur eins og 4. gr. og umræður um efni hennar gefa tilefni til að ætla að hér gætu fylgt. Lántökur á að takmarka við innlenda lánsfjáröflun. Í samræmi við þetta sjónarmið flytur 1. minni hl. breytingartillögur á sérstöku þskj. og mælir með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu.

Alþingi, 18. júní 1985.

Eiður Guðnason.